Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna. Að mati nefndarinnar er á fullnægjandi hátt gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim, mótvægisáðgerðir og vöktun. Áformin eru í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins. Framkvæmdin er háð umsókn um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar.

Í samræmi við framangreint verður umsóknin tekin til afgreiðslu byggingarfulltrúa í samræmi við kafla 2.4 byggingarreglugerðar.

Frekari gögn sem skila þarf til byggingarfulltrúa til afgreiðslu umsóknarinnar eru skv. gr. 2.4.1 byggingarreglugerðar, sem eru töluliður b vegna samþykktar byggingaráforma og töluliðir a-e vegna útgáfu byggingarleyfis.

Meðfylgjandi eru eyðublöð vegna ábyrgðayfirlýsinga byggingarstjóra og iðnmeistara og greinar byggingarreglugerðar er varða byggingarleyfi, eftirlit og úttektir, hönnuði, byggingarstjóra, iðnmeistara og hönnunargögn.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Frekari upplýsingar veitir byggingarfulltrúi.

Virðingarfyllst,

Þórhallur Garðarsson staðgengill
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 7. október 2020
Tilv. 2020-09-03-1604/2.5.1

Efni: Varðar frummatsskýrslu vegna framleiðsluaukningar í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík

Í bréfi dagsettu 1. september leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi frummatsskýrslu vegna aukinnar framleiðslu í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík.

Eins og Fiskistofa benti á í umsögn um tilkynningu um matsskyldu fyrir sömu framkvæmd þá er fyrirhuguð stækkun eldisstöðvarinnar fjarri lax- og silungveiðivötnum og snertir því veiðihagsmuni afar lítið. Lýst er í frummatsskýrslunni tvöföldu kerfi til að varna því að fiskar sleppi frá stöðinni. Ekki eru taldar líkur á því að seiðaeldi í Vogavík auki hættu á erfðablöndun við villtan lax. Fiskistofa telur að nægilega sé gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum í frummatsskýrslu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjanesbæ 25. september 2020

Tilvísun: 202006023/5.3

Efni: Umsögn á frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna aukinnar framleiðslu í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík.

Vísað er til erindis yðar, dags. 1. september sl., þar sem óskað er umsagnar um frummatsskýrslu vegna aukinnar framleiðslu í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík.

Lögð er áhersla á að sú forsenda standist sem kemur fram í samantekt á bls. iii undir yfirskriftinni „Umhverfisáhrif“ og orðuð er þannig: „Forsenda þess að ráðist verði í að aukna framleiðslu í eldinu er sú að vatnsból Sveitarfélagsins Voga á lóð Stofnfisks verði lagt niður og vatnið úr þeim borholum verði aftur á forræði fyrirtækisins.“ Mikilvægt er að hafa í huga að umferð og rask á lóðinni skapar hættu á að vatnsgæði spillist. Því er ekki forsvaranlegt að hefja framkvæmdir við stækkun fyrr en ný lausn á neysluvatnsmálum Vogamanna hefur verið tekin í notkun.

Á mynd 4.1 er sýnd fyrirhuguð seiðastöð í suðurhorni lóðar fyrirtækisins. Vegur að stöðinni, bílastæði og stöðin sjálf eru afar nálægt núverandi vatnsbóli og líklegt að rask við framkvæmdir fari inn fyrir þau 5 metra mörk sem eru lágmarksstærð brunnsvæðis vatnsbóla skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Samkvæmt reglugerðinni skal brunnsvæði vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.

Stjórnendur Stofnfisks áttu fund með embættinu þann 22. þ.m. Þar kom fram að þeir vilji hraða þeirri stækkun sem hér er til umfjöllunar eins og kostur er. Undirbúningur færslu núverandi vatnsbóla fyrir þéttbýlið í Sveitarfélaginu Vogum er hafin. Breyting á vatnsvernd í svæðisskipulagi bíður staðfestingar og breyting á aðalskipulagi er í eðlilegu ferli. Þann 21. september sl. barst embættinu til umsagnar matsskyldufyrirpurn vegna nýs vatnsbóls. Gangi undirbúningur að óskum, má ætla að enn muni líða fáein ár, hið minnsta, þar til nýtt vatnsból verður tekið í notkun og aflétta má vatnsvernd í Vogavík.

Á fyrrnefndum fundi var viðruð sú hugmynd að hin nýju mannvirki rísi á NA hluta athafnasvæðis fyrirtækisins í Vogavík. Þá væri ætlunin að geta hafið framkvæmdir áður en vatnsvernd í Vogavík verður aflétt. Embættið telur vert að fyrirtækið láti meta þann valkost

HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURNESJA
SUÐURNES PUBLIC HEALTH AUTHORITY

m.t.t. áhrifa hans á vatnsvernd. Þó umrætt svæði sé ekki í aðrennslisstefnu að vatnsbólum þarf að meta sérstaklega hvort hætta sé á rennsli um sprungur þvert á meginstrauma. Verði niðurstaðan sú að framkvæmdir geti hafist meðan vatnsvernd er enn á þessu svæði þarf engu að síður að binda jarðvinnu og aðrar framkvæmdir ströngum skilyrðum um mengunarvarnir, líkt og nú er undantekningalaust gert á grann- og fjarsvæðum vatnsverndar.

Samantekt.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða stækkun. Embættið telur þó ekki hægt að hefja framkvæmdir þær sem lýst er í skýrslunni fyrr en vatnsvernd í Vogavík hefur verið aflétt.

Virðingarfyllt



Ásmundur E. Þorkelsson

Jakob Gunnarsson
Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 16. september 2020
Tilvísun: 2009218

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um stækkun fiskeldisstöðvar Stofnfisks við Vogavík, Sveitarfélaginu Vogum

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 1. september 2020, vegna stækkunar fiskeldisstöðvar Stofnfisks við Vogavík í Vogum. Stofnfiskur er með rekstrarleyfi FE-1075/IS-36076 í gildi fyrir framleiðslu á 200 tonnum af laxi og bleikju að Vogavík í Vogum. Tilvonandi framkvæmd gerir ráð fyrir 500 tonna hámarkslífmassa af laxi (seiða- og klakfiskeldi) í stöðinni á hverjum tíma.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Í frummatsskýrslu sýnir mynd 3.9 frárennsli stöðvarinnar og m.v. þá mynd er ekki fiskgildra í frárennsli frá húsi nr. 6. Matvælastofnun óskar eftir að fram komi nánari upplýsingar um að öll eldishús stöðvarinnar séu og verði með tvöfaldri vörn gegn slyssaleppingu. Í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kemur fram að í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skuli kveðið á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Matvælastofnun gerir ekki athugasemdir er varða fisksjúkdóma og forvarnir gegn þeim.

Matvælastofnun gerði athugasemdir við tillögu að matsáætlun vegna framkvæmdarinnar sem ekki hefur verið tekið tillit til og eru athugasemdirnar hér með endurtekna. Í frummatsskýrslu er ranglega farið með númer reglugerðar um fiskeldi en þar er reglugerð nr. 401/2012 nefnd en hún er fallin úr gildi og nú er í gildi reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi. Einnig kemur fram í frummatsskýrslu aðkoma yfirdýralæknis fisksjúkdóma á tveimur stöðum í kafla 3.4 en líklega er átt við dýralækni fisksjúkdóma. Nokkrar staðreyndarvillur eru í tillögunnin og mælt er til þess að þær verði lagfærðar. Eldisstofn Stofnfisks var fluttur inn frá Noregi á augnhrognastigi á tímabilinu 1984-1987 (ekki 1981-1984). Í Vogavík var upprunalega hafin tilraun til hafbeitar á laxi 1982 og rak hafbeitarstöðin Vogalax hf. þar seiðaframleiðslu og hafbeitarstarfsemi á árunum 1985-1994/5 og fór þá í þrot. Árin 1994-2005 rak Sæbýli hf. eldi á sæeyra í Vogavík og síðustu árin einnig eldi á sandhverfu. Stofnfiskur yfirtók síðan stöðina undir kynbótastarfsemi á laxi sumarið 2005. Stofnfiskur hóf útflutning á laxahrognum til Chile árið 1998 (ekki árið 1995).

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar

Erna Karen Óskarsdóttir
Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 30. september 2020
MÍ202001-0042/ 6.07 / K.M.

Efni: Aukin framleiðsla í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið bréf Skipulagsstofnunar frá 1. sept. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirtækið Stofnfiskur hf. fyrirhugar að auka framleiðslu á laxi í eldisstöð félagsins í Vogavík í Sveitarfélaginu Vogum. Til stendur að auka framleiðsluna í allt að 450 tonn. Vegna meiri framleiðslu í eldisstöðinni þarf að auka vinnslu á grunnvatni um 400 l/sek. Með aukinni framleiðslu í áframeldi mun hrognafframleiðsla jafnframt aukast. Til stendur að hefja seiðaeldi við Vogavík. Byggt verður nýtt hús sem hýsa á seiðaeldið og skrifstofur Stofnfisks. Þá er ætlunin að bora tvær nýjar holur á lóð fyrirtækisins við Vogavík til að auka núverandi vinnslu grunnvatns.

Fjallað er um minjar í kafla 9.5 í frummatsskýrslu. Eins og þar kemur fram hafa fornleifa á lóð Stofnfisks í Vogavík verið skráðar. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2014, *Deiliskráning fornleifa í Vogavík, Vogum á Vatnsleysuströnd*. Fjöldi minja var skráður innan lóðamarka Stofnfisks. Staðsetningu minjanna má sjá á mynd 9.13 í frummatsskýrslu. Þar eru einnig sýndar útlínur nýs seiðaeldishúss, aðkomuvegar og bílastæðis. Á mynd 4.1 í frummatsskýrslu er væntanleg staðsetning á nýjum borholum fyrir jarðsjó og ferskvatn sýnd.

Tvær minjar eru nálægt fyrirhuguðum aðkomuvegi að seiðaeldishúsinu, hleðsla (GK-123:161) og þúst (GK-123:176). Um hleðsluna segir í fornleifaskráningarskýrslu:

Þrjár litlar hleðslur eru uppi á ilöngum hraunhól innan lóðar Stofnfisks, um 30 m suðaustan við nýlega skemmu og um 80 m suðaustan við hleðslu 177. Hleðslurnar eru í hraunmóa sem er að hluta gróinn en hefur orðið fyrir miklu raski vegna byggingarframkvæmda.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Minjarnar eru á svæði sem er um 13x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Suðvestast á svæðinu er hleðsla A sem er á brún hraunhelli á hólnum. Hleðslan er um 2 m á lengd og 0,3 m á breidd, snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist vera einhlaðin en lítillaga hefur hrunið úr henni til norðvesturs. Einnig eru tveir stakir steinar fast norðan við hana sem kunna að hafa tilheyrt henni. Mest sjást tvö umför í hleðslunni og er hún hæst um 0,5 m. Um 7 m norðaustan við hleðslu A er hleðsla B. Það er einföld röð stórra steina sem er um 1,5 m á lengd og 0,3 m á breidd, snýr norðaustur-suðvestur. Í hleðslunni eru mest tvö umför og hæst er hún 0,4 m. Einn stakur steinn er fast norðaustan við hleðsluna á hólendanum. Mjög óljós hleðsla C er á milli A og B og stendur hún litlu hærra en hinar hleðslurnar. Hún er L laga og er um 2x2,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er mosagróin en virðist vera einföld röð grjóts og sést aðeins eitt umfar. Laust grjót sem kann að vera hrun er suðvestan við suðvesturhorn hleðslunnar. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt.

Þústinni (GK-123:176) er þannig lýst í skýrslunni:

Þrjár unglegar grjóthrúgur eru í röð vestan við grunna rás fast suðaustan við nýlega skemmu á lóð Stofnfisks og um 12 m norðaustan við hleðslu 161. Hrúgunnar eru í ógrónum hraunmóa sem hefur mikið verið raskað vegna byggingaframkvæmda. Grjóthrúgunnar liggja í beinni röð frá norðri til suðurs og eru 26 m á milli syðstu hrúgunnar og þeirrar nyrstu. Grjóthrúgunnar eru 0,6-0,8 m í þvermál og 0,3- 0,5 m á hæð. Allt bendir til þess að mannvirkin séu mjög ung og í tengslum við framkvæmdir á lóðinni.

Í fornleifaskráningarskýrslunni kemur fram að hleðslan (GK-123:161) sé að öllum líkindum eldir en 100 ára. Hún fellur því undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þústin (GK-123:176) eru hins vegar talin ung eða frá því eftir 1950. Til fornleifa teljast mannvirki sem orðin eru eldir en 100 ára skv. lögum um menningarminjar. Þústin fellur því ekki undir skilgreiningu laganna um fornleifar.


Í frummatsskýrslu segir að minjarnar séu nærri framkvæmdasvæði fyrirhugaðs aðkomuvegar. Ekki kemur fram hversu nærri. Þá segir að áður en ráðist verði í byggingu seiðaeldisstöðvarinnar og gerð aðkomuvegar verði haft samráð við minjavörð Reykjaness um hvort gera þurfi ráðstafanir meðan á framkvæmdum stendur varðandi minjar sem verða stutt frá aðkomuvegi að seiðaeldishúsi. Ekki verði ráðist í framkvæmdir við seiðaeldisstöð og aðkomuveg fyrir en sérfræðingur hefur tekið út þær minjar sem verða fyrir áhrifum og minjavörður veitt leyfi til framkvæmda.

Minjastofnun Íslands telur að girða þurfi hleðslur (GK-123:161) af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Vakin er athygli á að í 22. gr. laga um menningarminjar segir að friðhelgað svæði umhverfis fornleifar skal vera 15 metrar nema annað sé

ákveðið. Ef ekki verður komist hjá raski á fornleifunum þarf að sækja um leyfi fyrir slíku raski til Minjastofnunar, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar. Ef stofnunin ákveður að veita slíkt leyfi mun hún jafnframt skilgreina þau skilyrði sem sett verða fyrir veitingu leyfisins.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

From: "Jón Þórir Þorvaldsson" <jon@skipulag.is>

To: "Sigmar A Steingrímsson" <sias@verkis.is>

Date: 9/29/2020 10:26:19 AM

Subject: Umsögn Náttúrufræðistofnunar- Aukin framleiðsla í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík-frummatsskýrsla

Sæll Simmi

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Kveðja

Jón Þórir Þorvaldsson

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

jon@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>

Sent: 29/09/2020 15:13:56

To: Skipulagsstofnun; Egill Þórarinnsson; Jón Þórir Þorvaldsson

Subject: Aukin framleiðsla í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík-frummatsskýrsla

Tilvísun í málsnr. 202009-0001 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 1. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu fyrir aukna framleiðslu á laxi, *Salmo salar* af norskum uppruna, í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík. Fyrirhuguð framkvæmd er innan athafnasvæði í aðalskipulagi Voga.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda frummatsskýrslu. Að mati stofnunarinnar eru helstu áhrif af framkvæmdinni tengd mengun fjöru og vatnstöku sem einnig verður fjallað um í viðeigandi leyfisveitingum. Með hliðsjón af hlutverki Náttúrufræðistofnunar og með hliðsjón af umfangi, staðsetningu og eðli framkvæmdarinnar telur Náttúrufræðistofnun að í frummatsskýrslunni sé með fullnægjandi hætti gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og mati á im. Þessi afstað byggir einnig á því að matið er bundið við eldi á lax á svæðinu en á ekki við um dreifingu framandi laxastofna um landið, t.d. í sjókvíaeldi. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að mengunarvarnir verði eins góðar og hægt er og að tryggt sé að laxar geti ekki sloppið út í náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson

Náttúrufræðistofnun Íslands

Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500

Email: trausti@ni.is



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. október 2020
Tilvísun: OS2020090007/22.2
Verknúmer: 3051380

Efni: Frummatsskýrsla vegna aukningar á framleiðslu í eldisstöð Stofnfisks í Vogum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 1. september 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Orkustofnunar um frummatsskýrslu vegna aukningar á framleiðslu í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík úr 200 t í 450 t ársframleiðslu á laxi til hrognafurframleiðslu og seiðaeldis í samræmi við ákvæði 10. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. laganna og sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015, um mat á umhverfisáhrifum, skulu umsagnaraðilar gefa álit á því hvort fjallað er á fullnægjandi hátt í frummatsskýrslu um það sem er á starfssviði þeirra og jafnframt hvort fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi. Þeir skulu, ef tilefni er til, tilgreina hvað þurfi að kanna frekar og benda á mögulegar mótvægisáðgerðir. Þá er óskað eftir því að Orkustofnun geri grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði stofnunarinnar og fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar.

Aðkoma Orkustofnunar að fyrirhugaðri framkvæmd snýr að lögum nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, en skv. 6. gr. laganna er nýting auðlinda, þ.m.t. grunnvatns, háð leyfi Orkustofnunar. Skv. 14. gr. laganna er landeiganda þó heimil án leyfis hagnýting grunnvatns í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, allt að 70 l/sek. Ljóst er að fyrirhuguð nýting er vel umfram tilgreind mörk og er því leyfis skyld, líkt og rakið er í frummatsskýrslunni.

Umfjöllun Orkustofnunar um erindi Skipulagsstofnunar lýtur því að þessari efnisafmörkun og miðast við auðlindaþátt framkvæmdarinnar, nýtingu fersks og sjóblandaðs grunnvatns.

Samkvæmt frummatsskýrslu er áformað að auka vinnslu á grunnvatni úr 972 l/sek í 1.372 l/sek, þar af 946 l/sek af jarðsjó og 426 l/sek af fersku grunnvatni. Fyrirhugað er að bora tvær holur, aðra til öflunar ferskvatns og hina vegna sjótöku til viðbótar við 9 holur sem nú þegar eru í notkun.

Líkt og tilgreint er í frummatsskýrslu eru grunnvatnsaðstæður á Reykjanesskaga um margt óvenjulegar, jafnvel fyrir Ísland, þar sem tiltölulega þunnt lag af fersku vatni rennur ofan á fullsöltum jarðsjó og víða gætir sjávarfalla í grunnvatnsgeyminum tugkilómetra frá ströndu. Megin áhætta við nýtingu þessarar auðlindar er að hinu viðkvæma jafnvægi milli þessara mismunandi þátta raskist og saltur jarðsjór blandist við grunnvatnslinsuna og mengi hana, jafnvel til langs tíma.

Niðurstaða framkvæmdaraðila í skýrslunni er annars vegar að vegna þétts setlagabunka sem aðgreinir ferskt og salt grunnvatn á lóð fyrirtækisins sé lítil hætta á að skaðlegra áhrifa gæti þó að umtalsvert magna af jarðsjó sé dælt undan ferskvatnslinsunni, og hins vegar að yfrið nægt ferskt grunnvatn streymi til nýtingarsvæðisins þannig að umhverfisáhrif vatnsnýtingar verði óveruleg.

Orkustofnun telur að rökstyðja hefði mátt betur framangreindar fullyrðingar og hefur vissar athugasemdir við forsendur ályktananna.

a) Áhrif aukningar á töku jarðsjávar

Í samantektarkafli frummatsskýrslu (bls. iii) er vikið að borholusniði úr holu SV-14 þar sem 80 m þéttur setlagabunki aðskilur eldra dyngjubasalt með jarðsjó og yngra bólstraberg og nútímahraun þar sem ferskvatnslinsan rennur um. Út frá þeirri athugun er ályktað að ólíklegt sé að aukin sjótaka á lóð Stofnfisks muni hafa áhrif á gæði neysluvatns í fyrirhuguðu vatnsbóli Sveitarfélagsins Vogar, sem staðsett verði í tæplega 2 km fjarlægð suður af lóð eldisstöðvarinnar. Orkustofnun gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þá ályktun út frá streymisleiðum grunnvatns en telur að að forsendur hennar (þykkt þétt setlag) megi styrkja betur. Stofnunin bendir m.a. á að í skýrslu ÍSOR um borun og afkastamælingu holu SV-14 (viðauki 2 með matsskýrslu) kemur fram að í annarri holu (SV-9) er umrætt setlag mun þynnra. Ekki er heldur að sjá af gögnum hversu víðfeðmt þetta setlag er, 60 m djúp hola sem var boruð á umræddu fyrirhuguðu vatnsbóli (ST-01, fastnúmer 21841) nær niður í nærri fullsaltan jarðsjó við botn en þar er ekki komið niður á slíkt setlag.

b) Aukin vinnsla grunnvatns

Orkustofnun gerir jafnframt nokkrar athugasemdir við orðræðu og viðmið framkvæmdaraðila í umfjöllun um umhverfisáhrif grunnvatnstöku í kafla 9.2.3. Í kaflanum er áætlað írennsli til grunnvatns á ferkílómetra á vatnsverndarsvæðum Voga út frá meðalúrkomu á svæðinu og það borið saman við fyrirhugaða upptöku. Út frá þeim reikningum er áætlað að úrkoma á 9-13 km² svæði þurfi til að uppfylla vatnstöku fyrirtækisins, og það svæði síðan borið saman við heildarstærð umrædds vatnsverndarsvæðis.


Hér ber að hafa í huga að stór hluti þess ferska grunnvatns sem rennur um vatnsverndarsvæðið er upprunninn í úrkomu sem fellur utan við sjálft vatnsverndarsvæðið (í fjallgarðinum á miðju Reykjaneskagans) og því má telja að heildarmagn grunnvatns sé mun meira en þar er tilgreint. Þá rennur allnokkur hluti grunnvatnsstreymis innan vatnsverndarsvæðisins ekki til Vogavíkur heldur til Vatsleysuvíkur (sbr. mynd 9.4 í frummatsskýrslu). Umræða um sjálfbærni nýtingar út frá þessum forsendum er því að mati Orkustofnunar marklaus. Hér er fullyrðingu framkvæmdaraðila um umhverfisáhrif nýtingar ekki hafnað en stofnunin telur að hana þurfi að rökstyðja með ítarlegri og afmarkaðri hætti.

Orkustofnun bendir enn fremur á að Sveitarfélagið Vogar, sem nú nýtir tvær holur á lóð Stofnfisks, áformar að flytja neysluvatnstöku sína suður fyrir Reykjanesbraut – líkt og framfar er rakið og tilgreint er í frummatsskýrslu – og ef af þeirri nýtingu verður mun sú vatnstaka nýta sama grunnvatnsstraum og síðar er áformað að renni í holur Stofnfisks. HS Orka, f.h. sveitarfélagsins, sótti um til Orkustofnunar nýtingarleyfi fyrir allt að 100 l/sek af grunnvatni. Það leyfi var fellt úr gildi af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála en nú er hjá Skipulagsstofnun til meðferðar fyrirspurn um matsskyldu nýtingarinnar. Miðað við upplýsingar í frummatsskýrslu nýtir sveitarfélagið nú 15-25 l/sek. Orkustofnun telur eðlilegt að framkvæmdaraðili hefði vikið betur að þeim þætti í mati á afkastagetu grunnvatnsstraumsins.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við frummatsskýrslu Stofnfisks.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar um nýtingarleyfi til aukinnar töku grunnvatns, komi til þess. Framangreind umsögn miðast við gögn þau sem fylgdu með erindi Skipulagsstofnunar. Komi fyrirhuguð framkvæmd til lögformlegrar afgreiðslu Orkustofnunar á einhverju stigi áskilur stofnunin sér ennfremur rétt til að kalla eftir frekari gögnum, m.a. í ljósi framangreindra ábendinga og niðurstöðu úr mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Skipulagsstofnun
b/t Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. september 2020
UST202009-025/R.K.
08.12.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum –Frummatsskýrsla - Framleiðsluaukning
Stofnfisks hf. í eldisstöð í Vogavík á Vatnsleysuströnd**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda frummatsskýrslu.

Framkvæmdarlýsing

Stofnfiskur hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áætla að auka framleiðslu laxa í eldisstöð félagsins í Vogavík í sveitarfélaginu Vogum á Vatnsleysuströnd á Reykjanesi. Áformað er að hefja 50 tonna seiðaframleiðslu í stöðinni og 450 tonna áframeldi á laxi. Stöðin er staðsett suðvestan við þéttbýlið Voga í rúmlega 700 m fjarlægð frá næstu íbúabyggð. Á lóðinni, norðvestan við eldiseiningarnar, er einnig nýtt sambyggt sláturhús starfseminnar. Lóð rekstraaðila er skilgreind sem athafnasvæði í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga og er samþykkt deiliskipulag frá árinu 2015.

Núverandi starfsleyfi heimilar 200 tonna framleiðslu á ári en rekstraraðili er með útistandandi frávík fyrir framleiðslu í stöðinni umfram þá heimild. Sótt er um heimild til að hafa að hámarki 400-500 tonna lífmassa í stöðinni en nákvæmt umfang er óljóst í frummatsskýrslu að mati Umhverfisstofnunar. Fram kemur að með tilkomu seiðaeldisstöðvar mun allur lífsferill eldislaxa vera innan stöðvarinnar í Vogavík. Byggð verður þar að auki skrifstofuhúsnæði á lóð rekstraraðila.

Umhverfisstofnun bendir á að mikið ósamræmi hefur verið í upplýsingum frá rekstraraðila um umfang starfseminnar. Samkvæmt móttöku Skipulagsstofnunar á matsskyldufyrirspurn kemur fram að fyrirhuguð framleiðsla væri 320 tonn á ári. Samkvæmt umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar sækir umsækjandi um aukningu í framleiðslu í Vogavík úr 200 tonnum af laxi í 400 tonn. Samkvæmt frummatsskýrslu mats á umhverfisáhrifum er lögð fram umsókn um 450 tonna framleiðslu en að hámarki 500 tonna lífmassa á hverjum tíma. Í samantekt frummatsskýrslu segir að framleiða eigi 50 tonn af seiðum sem fullnægi framleiðslu á allt að 450 tonnum af klakfiski í eldisstöðinni (ii) sem myndi gefa 500 tonna lífmassa. Þar að

auki kemur fram í greinargerð með deiliskipulagi Sveitafélagsins Voga (dagsett 9. desember 2014) að rekstraraðili stefnir á stækkun um 500 tonn í fyrsta áfanga en með tímanum í 1.000 tonn (bls. 3). Óljóst í frummatsskýrslu hvort heildarumfangið sem sótt er um og hér er til umfjöllunar sé 400 tonna, 450 tonna eða 500 tonna hámarks lífmassi. Umhverfisstofnun telur að bæta þurfi úr þessu og að umfang skuli vera skýrt tekið fram í matsskýrslu framkvæmdar, þ.e. hámarks lífmassi í stöðinni á hverjum tíma, ársframleiðsla og upplýsinga um það hvernig starfsemin skiptist niður í lífmassa laxaseiða, klakfiska og áframeldislaxa.

Mat á umhverfisáhrifum

Þeir umhverfisþættir sem Umhverfisstofnun tekur afstöðu til eru; jarðmyndanir, grunnvatn, lífríki viðtaka og fuglar. Umhverfisstofnun telur megin umhverfisáhrif frá stækkun starfseminnar vera á grunnvatns á svæðinu og áhrif á lífríki viðtakans vegna fráveitu starfseminnar.

Jarðmyndanir

Sveitarfélagið Vogar stendur á Þráinsskjaldarhrauni og er athafnarlóð rekstraraðila næst Vogastapa og setur svip sinn á hraunið. Umhverfisstofnun bendir á að Þráinsskjaldarhraun fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka vernd. Samkvæmt vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands um sérstaka vernd má sjá að nafn eldstöðvakerfisins er Krýsuvík-Trölladyngja og er það forsögulegt hraun sem rann fyrir landnám. Framkvæmdir verða við skilgreint athafnasvæði þar sem hrauninu hefur þegar verið raskað vegna byggðar á svæðinu. Umfang ósnerts hrauns sem verður fyrir óafturkræfu raski vegna framkvæmdanna eru um 0,5 ha. Mun það vera vegna byggingu seiðaeldistöðvar og aðkomuvegs. Beint rask vegna framkvæmdarinnar verður umfangslítið skv. frummatsskýrslu.

Stofnunin bendir á að í frummatsskýrslu var ekki fjallað um þann möguleika að byggja seiðaeldishús nær núverandi byggingum, frekar en í jaðri athafnasvæðisins, til að minnka rask á ósnertu hrauni. Stofnunin bendir á að rask á hrauni skuli einungis verða að brýnni nauðsyn og þegar aðrir kostir eru ekki fyrir hendi skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun telur áhrif framkvæmdar á landslag, ásýnd og jarðmyndanir vera óverulegar frá núverandi ástandi. Svæðið sem verður fyrir óafturkræfu raski vegna mannvirkjagerðar er innan deiliskipulags athafnasvæðis Vogavíkur og því gert ráð fyrir iðnaði sem þessum á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að í samantekt er niðurstaða áhrifa á jarðmyndarnir settar fram á þann hátt að orðið „ekki“ er ekki feitletrað með orðinu afturkræf en ætti að vera það þar sem áhrifin eru ekki afturkræf eða óafturkræf.

Grunnvatnstaka

Grunnvatn í frummatsskýrslu er allt vatn sem dælt er uppúr níu borholum til nýtingar í stöðinni og skiptist í jarðsjó annars vegar og ferkvatn hins vegar. Vegna stækkun

stöðvarinnar er áformað að auka grunnvatnstöku um 400 l/sek svo að heildar grunnvatnsvinnsla vegna starfseminnar fer úr 972 l/sek upp í 1.372 l/sek. Ráðgert er að bora tvær nýjar vinnsluholur til viðbótar við þær sem fyrir eru á lóð rekstraraðila. Ein fyrir jarðsjó og önnur fyrir ferskvatn. Auka á vinnslu á jarðsjó um 330 l/sek en vinnslu ferskvatns um 70 l/sek.

Umhverfisstofnun telur að framsetning á kafla um grunnvatnstöku geti verið skýrari í matsskýrslu framkvæmdar.

Umhverfisstofnun tekur fram að rekstraraðili muni dæla upp grunnvatni sem fellur undir lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og hefur vatnshlotanúmerið 104-263-G. Vanshlotið nefnist Reykjanes. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Krafa er um að grunnvatnshlotið hafi góða magnstöðu, en vatnstaka getur haft neikvæð áhrif ef hún er umfram endurnýjun grunnvatns. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum í leyfi. Stofnunin minnir á að vatnstakan og viðbót borhola er leyfisskyld og þarf að sækja um nýtingarleyfi til Orkustofnunnar skv. 6. gr laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki en mat á því hvort vatnstaka sé sjálfbær og hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsstöðu er tekin við leyfisveitingu þess stjórnvalds (OS).

Gert er ráð fyrir því að þrátt fyrir 20% aukningu í ferskvatnstöku úr borholu rekstraraðila verði vinnslan áfram sjálfbær þar sem ekki hefur orðið vart við breytinga á efnainnihaldi ferskvatns í Vogum þrátt fyrir mikla dælingu þar árum saman. Talið er að úrkoma á svæðinu fullnægi grunnvatnsendurnýjun og muni því aukin dæling ekki valda óverulegum áhrifum .

Vegna aukinnar vatnsvinnslu við stækkun fiskeldisins er þörf á að Sveitarfélagið Vogar sæki neysluvatn sitt annað en á lóð rekstraraðila og verður vatnið úr þeim borholum því aftur á forræði fyrirtækisins. Til stendur að bora nýtt vatnsból fyrir íbúa sveitarfélagsins sunnan Reykjanesbrautar líkt og fram kemur í tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi Voga sem auglýst var 13. maí sl. Er það fyrirhugaða vatnsból í tæplega 2 km fjarlægð suður af lóð eldisstöðvarinnar.

Í frummatsskýrslu eru áhrif aukinnar jarðsjótöku á lóð rekstraraðila talin hafa óveruleg áhrif á gæði neysluvatns í nýju vatnsbóli Voga. Að mati Umhverfisstofnunar er þörfin á borun nýrra neysluvatnsbrunnna fyrir íbúa Voga afleiðing stækkunar fiskeldis rekstraraðila og aukinnar nýtingar á ferskvatni.

Í frummatsskýrslu er einngi fjallað um áhrif fóðurnýtingar á gæði grunnvatns. Þar segir: *Takist að bæta fóðurnýtinguna er líklegt að gæði grunnvatns á svæðinu haldist óbreytt þó meira magn næringarefna streymi frá eldinu vegna framkvæmdarinnar og áhrif á gæði grunnvatns verði því óveruleg, en gætu verið nokkuð neikvæð ef fóðurnýtingin helst áfram sú sama.* Umhverfisstofnun telur óskýrt hvers vegna verið er að meta áhrif á gæði

grunnvatns vegna losunar næringarefna í frárennsli frá eldinu. Stofnunin telur ekki að eldið og losun næringarefna í eldisvatn ætti að hafa nein áhrif á innihald grunnvatns á svæðinu enda sé eldisvatnið losað til sjávar. Stofnunin minnir á að við hverskyns dælingu efna sem kunna að hafa áhrif á grunnvatn skuli fara eftir reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Frárennsli

Fram kemur í frummatsskýrslu að seiðaeldisstöðin muni hreinsa eldisvatn og endurnýta það skv. nýjustu tækni. Svokallað RAS kerfi (e. Recirculating Aquaculture Systems) verður notað þar sem allt að 99% af eldisvatninu verður endurnýtt með því að sía vatnið í gegnum lífhreinsi (e. biofilters). Því þarf aðeins 15-20 l/sek af ferskvatni til seiðaeldisins. Fram kemur í frummatsskýrslu að samhliða starfseminni verður nýtt sláturhús byggt en það verður útbúið nýjustu tækni fyrir slátrun og hreinsun á lífrænum úrgangi og dauðhreinsun blóðvatns. Um 70% af eldisvatninu í eldi klaklaxa og sláturlaxa er síað og endurnýtt á milli kerja með loftun sem fjarlægir koltvíoxíð úr vatninu og bætir við súrefni. Ekki kemur fram hvers konar hreinsikerfi er notað en Umhverfisstofnun telur umfjöllun um hreinsun eldisvatns í klak- og áfarmeldi eiga að vera ítarlegri og skýrari í matsskýrslu framkvæmdar. Þar er mestur lífmassi stöðvarinnar og þaðan kemur megnið af losun næringarefna.

Þó fjallað sé um endurnýtingu eldisvatns og magn vatnstöku fyrir eldið þá er ekki fjallað um hvert flæði frárennslis verður um útrásina. Umhverfisstofnun telur að skýrt þurfi að koma fram í matsskýrslu magn frárennslis frá stækkaðri eldisstöð og mat á áhrifum losunar hreinsaðs frárennslis á lífríki viðtakans 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð.

Losun frárennslis frá eldinu er í dag leitt út í fjöruborðið en útrásin liggur norðvestan við eldisstöðina. Umhverfisstofnun tekur fram að rekstraraðili losar frárennsli í strandsjávarvatnshlot sem fellur undir lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og hefur vatnshlotanúmerið 104-1382-C og nefnist Hafnir að Gróttu. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Ef vatnshlot samræmast ekki umhverfismarkmiðum þá skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála.

Við stækkun mun frárennslið frá seiðaeldisstöðinni sameinast frárennsli frá öðrum eldishúsum og sláturhúsi svo allt frárennsli er losað saman um eina útrás út í sjó er fram kemur frummatsskýrslu. Útrásarlögnin verður lögð undir meðalstórstraumsfjörumörk skv. kafla 4.1.4 enda er slíkt skylt skv. 9.2 gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Nýja lögnin verður 0,8 m í þvermál, 200 m löng og niðurgrafin í fjöruna á um 100 m kafla og liggja þaðan á sjávarbotninum. Ljóst er að rask á fjöru mun valda neikvæðum en staðbundum áhrifum á það lífríki sem þar er. Fram kemur í frummatsskýrslu að við frágang verður mokað yfir lögnina í fjörunni, vegslóði fjarlægður og efni notað til þess að hylja lögnina á landi. Umhverfisstofnun telur að ganga eigi frá fjörunni á þann hátt að ásýnd lagnarinnar sé óveruleg og að lífríkið þar nái að dafna á ný með tímanum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði um í matsskýrslu framkvæmdar hvernig ganga skuli frá núverandi útrásum og tjörn á lóðinni þegar notkun þeirra er alfarið hætt með tilkomu nýrrar útrásar. Stofnunin bendir á að góður frágangur dregur talsvert úr neikvæðum umhverfisáhrifum stöðvarinnar m.t.t. ásýndar svæðisins.

Fram kemur að áætluð losun næringarefna í frárennsli eftir áætlaða framleiðsluaukningu verður 36,9 tonn af köfnunarefni og 4,5 tonn af fosfór ef fódurstuðullinn verður áfram 1,4. Markmið rekstraraðila er þó að ná fódurstuðli niður í 1,2 og við það lækkar heildarlosun í 28,4 tonn af köfnunarefni og 3,5 tonn af fosfór. Áætlað er að losun á fosfór frá eldisstöðinni í Vogavík verði 10 kg fyrir hvert framleitt tonn af laxi. Í frummatsskýrslu kemur fram að í núverandi starfsleyfi Stofnfisks fyrir eldið í Vogavík er ekki sett viðmið um hámarkslosun á fosfór frá eldinu. Er þetta vegna þess að starfsleyfið er gefið út af heilbrigðisnefnd Suðurnesja en ekki af Umhverfisstofnun. Rekstraraðili miðar mælingar því við starfsleyfi fiskeldisstöðvar við Kalmanstjörn í Reykjanesbæ, sem hefur heimild til losunar á allt að 14 kg af fosfór fyrir hvert framleitt tonn af laxi á ári. Umhverfisstofnun tekur fram að í öllum nýjum starfsleyfum frá stofnuninni er krafa um hámarkslosun 10 kg af fosfór/framleitt tonn af fiski við losun í sjó. Er því áætluð losun fosfórs rétt innan marka nýrra starfsleyfa Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að þeir útreikningar á losun næringarefna (kg næringarefna/framleitt tonn) sem fram koma í frummatsskýrslu eru ekki í fullu samræmi við þær reikniformúlur og forsendur sem stofnunin notar til þess að meta losun við gerð losunarmarka í starfsleyfum¹. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um þessar reikniáðferðir hjá stofnuninni ef rekstraraðili kýs.

Umhverfisstofnun kallar eftir skýrri áætlun á því í matsskýrslu hvert sé áætluð losun fosfórs og köfnunarefnis í frárennsli eftir hreinsun í stækkaðri eldisstöð, þ.e. hvert sé magn fosfórs og niturs (uppleyst og fast efni) í frárennsli frá stöðinni sem losnar í viðtakann. Umhverfisstofnun kallar eftir að reikniformúlur hlutfallsútreikninga næringarefnalosunar fylgi í matsskýrslu.

Fram kemur í kafla 3.8 að frárennsli frá starfsmannaaðstöðu fer í gegnum rotþró áður en því er veitt út í sjó. Umhverfisstofnun bendir á að allt skólp frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þar kemur fram að til að uppfylla kröfu um tveggja þrepa hreinsun skal siturbeð vera til staðar auk rotþróar. Ekkert er fjallað um siturbeð í frummatsskýrslu og kallar Umhverfisstofnun eftir nánari umfjöllun í matsskýrslu um meðhöndlun skólps á svæðinu og uppsetningu þeirra kerfa sem þarf til að uppfylla ákvæði reglugerðar.

¹ Köfnunarefni:

Á föstu formi [kg] : ([Fóðurmagn, kg] * hlutfall þurrefnis * hlutfall köfnunarefnis *0,15)

Á uppleystu formi [kg]: ([Fóðurmagn, kg] * hlutfall þurrefnis * hlutfall köfnunarefnis *0,48)

Fosfór:

Á föstu formi [kg] : ([Fóðurmagn, kg] * hlutfall þurrefnis * hlutfall fosfórs *0,44)

Á uppleystu formi [kg]: ([Fóðurmagn, kg] * hlutfall þurrefnis * hlutfall fosfórs *0,26)

Lífrænn úrgangur úr eldi

Fram kemur í frummatsskýrslu að árið 2019 hafi orðið til í stöðinni alls 84 tonn af dauðfiski og rúmir 13.000 lítrar af dauð/afgangshrognum. Móttökustaður þess úrgangs er Skinnfiskur ehf. í Suðurnesjabæ sem nýtir fiskinn í loðdýrafóður. Ekki er fjallað um hvað skal gert við set eða fastefni (seyru) sem safnast í hreinsikerfi eldisvatns. Umhverfisstofnun hvetur rekstraraðila til þess að kanna endurnýtingar-möguleika fyrir allan lífrænan úrgang stöðvarinnar. Efnið sem síast úr frárennsli fiskeldis er að mestu næringarefni (köfnunarefnis og fosfór) í formi saurs fiska og fóðurleifa. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar s.s. áburðarnýtingar. Stofnunin vinnur að gerð leiðbeininga til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli m.a. til áburðar fremur en til förgunar með urðun.

Umhverfisstofnun telur að í matssýrslu þurfi að fjalla vel um hvernig áætlað sé að meðhöndla úrgang frá stöðinni eftir stækkun. Þá er mikilvægt að fjalla um áform um meðhöndlun lífræns úrgangs, hvort áform séu um að finna leiðir til endurnýtingar í stað urðunar og þær áætlanir bornar saman við núverandi starfsemi í matsskýrslu.

Lífríki viðtaka

Gerð var rannsókn á lífríki fjörunnar í Vogavík af Náttúrustofu Suðvesturlands. Þar kom fram að lífríki og búsvæði Vogavíkur er fjölbreytt með klapparfjörum og setfjörum, leirum og þangfjörum. Í greinargerð í viðauka skýrslu Náttúrustofu Suðvesturlands um rannsókn á lífríki Vogavíkur segir: *“Mikið náttúrulegt ferskvatnsstreymi er viðvarandi á rannsóknarsvæðinu og eru seltugildi því mjög breytileg og lífríkið eftir því.”*

Líkt og kemur fram í frummatsskýrslu þá falla leirurnar í Vogavík undir sérstaka vernd a-liðar 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Leirurnar liggja m.a. þar sem áætlað er að leggja nýja útrás frárennslis. Mikilvægt er að í matsskýrslu sé fjallað um það hvernig rekstraraðili muni takmarka rast á leirunum við framkvæmdina og reksturs stöðvarinnar. Fram kemur að ástand fjörunnar við útrás er gott vegna öldufars svæðisins. Ekki er talið að núverandi starfsemi fiskeldisstöðvarinnar hafi haft neikvæð áhrif á lífríki fjöru og á grunnsævi Vogavíkur skv. frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu er greint frá mati tveggja framkvæmdakosta, A og B. Kostur A var aukin framleiðsla á laxi og vinnsla á grunnvatni með fráveitu í fjöru (núverandi fyrirkomulag). Kostur B var aukin framleiðsla á laxi og vinnsla á grunnvatni með fráveitu til sjávar. Stofnunin telur valkost B vera ákjósanlegri valkost en m.t.t. áhrifa á lífríki fjöru og grunnsævis. Stofnunin minnir á að ef ekki eru til staðar landfræðilegar aðstæður sem gera það ómögulegt að leggja útrásina út minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraums-fjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum þá er slík útfærsla skyld skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Við mat á áhrifum valkosta A kemur fram að lífrænt álag verður meira á viðtakann við aukna framleiðslu en yfirgnæfandi meirihluti botndýralífs á svæðinu er viðkvæmt eða lítið þolið fyrir auknu lífrænu álagi. Umhverfisstofnun telur að gera megri ráð fyrir því að áhrif verða talsvert

neikvæð á botndýralíf við aukna losun næringarefna en tekur jafnframt fram að aukin hreinsun eldisvatnsins ætti að koma í veg fyrir það. Án hreinsunar mun lífríki við útrásin breytast í kjölfarið og áhrifin talsvert neikvæð. Umhverfisstofnun telur að til þess ætti ekki að koma þar sem útrásin verður lögð niður fyrir stórstraumsfjöru (valkostur B) og hreinsun á eldisvatni mun sía 70-90% alls fastefnis áður en það er losað í viðtakann.

Stofnunin áréttar að í matsskýrslu framkvæmdar þurfi að skýra betur frá áhrifum framkvæmdar á viðtakann m.t.t. allra mótvægisáðgerða í formi hreinsunar og nýrrar útrásar.

Fuglar

Fram kemur í frummatsskýrslu áhrif framkvæmdar á fugla verði jákvæð út frá núverandi starfsemi. Stofnunin tekur fram að hreinsun eldisvatns og blöndun frárennslis í viðtakann sé grundvöllur þess að fuglar muni ekki sækja óhófllega að útrásinni í fæðuleit líkt og hefur verið við stöðina. Því ættu áhrifin að vera óveruleg. Ef til þess kemur að ágangur fugla við útrás frárennslis sé mikill telur Umhverfisstofnuna að rekstraraðili verði að bregðast við því með mótvægisáðgerðum. Stofnunin metur áhrif framkvæmdarinnar á fugla vera óveruleg ef eldisvatn verður hreinsað líkt og fjallað er um í frummatsskýrslu og útrásin lögð út 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í frummatsskýrslu um mikilvægi Vogavíkur fyrir fugla er fólgið í hinum lífríku fjörum og leirum og sækja fuglarnir fæðu sína á svæðið að miklu leyti. Stofnunin telur mikilvægast að framkvæmdin og rekstur stærri eldisstöðvar hafi ekki neikvæð áhrif á lífríki leiranna.

Annað

Starfsemin hefur fengið frávik vegna framleiðslu umfram 200 tonna ársframleiðslu umfangs sem er heimilað í núgildandi starfsleyfi. Mynd 4.3 í frummatsskýrslu sýnir áformaða þróun heildarlífmassa (seiði og lax til áframeldis) yfir árið miðað við fyrirhugaða framleiðsluaukningu í 450 tonna hámarkslífmassa (núverandi eldi). Samkvæmt myndinni er áætlað að lífmassi í stöðinni fari í 453,1 tonn í desember sem yrði umfram 450 tonna lífmassa heimild. Þá má einnig benda á að í sama kafla segir: „*Gera má ráð fyrir að hámarkslífmassi í eldinu geti orðið allt að 500 tonn*“ sem væri þá 50 tonnum umfram þá heimild sem rekstraraðili sækir um og vel umfram þau 200 tonn sem nú eru heimiluð í starfsleyfi.

Niðurlag

Umhverfisstofnun hefur farið yfir fyrirliggjandi frummatsskýrslu og telur lífríki í fjöru og grunnsævi kunna að verða fyrir neikvæðum umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar en með mótvægisáðgerðum er ekki líklegt að áhrifin verði umtalsverð. Mikilvægt er að staðið sé að mengunarrörnum, þ.e. hreinsun frárennslis og mótvægisáðgerðum frágangs svæðis við nýja útrás, til að lágmarka umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Stofnunin telur áhrif framkvæmdar á umhverfispætti vera eftirfarandi:

Jarðmyndanir: Áhrif á hraun eru í formi óafturkræfs rasks sem er á deiliskipulögðu athafnarsvæði og eru því metin óveruleg.

Grunnvatnstaka: Áhrif kunna að verða talsvert neikvætt ef dæling á ferkvatni verður of mikið fyrir endurnýjun grunnvantnshlottsins en ef endurnýjun er næg þá veldur aukin vatnstaka óverulegum áhrifum. Afleidd áhrif framkvæmdarinnar á nærliggjandi sveitarfélag verða þau að bora þarf fyrir nýju vatnsbóli fyrir sveitarfélagið.


Lífríki: Áhrif á lífríki viðtaka í fjöru og á grunnsævi kunna að verða talsvert neikvæð vegna frárennslis en staðbundin og hægt að gera áhrif óveruleg með nægum mengunarvörnum og mótvægisáðgerðum.

Fugla: Áhrif eru metin óveruleg en mikilvægt að frárennslis skerði ekki lífríki leiranna sem fuglar nýta til fæðuöflunar.


Umhverfisstofnun telur að bæta megi framsetningu upplýsinga töluvert. Stofnunin telur mikilvægt að eftirfarandi verði skýrara í matsskýrslu framkvæmdar:

- Umfang framkvæmdar, hámarks lífmassi í stöðinni á hverjum tíma, framleiðsla á ári og upplýsingar um það hvernig starfsemin skiptist niður í lífmassa seiða, klakfiska og áfarmeldis/sláturfiska.
- Framsetning á upplýsingum um grunnvatnsvinnslu og útskýring á því hver áhrif næringarefnalosun eldisins hefur áhrif á grunnvatn og hvers vegna.
- Ítarlegri umfjöllun um magn og hreinsun eldisvatns í klak- og áfarmeldi stöðvarinnar.
- Áformað rennslis frárennslis í viðtaka eftir stækkun stöðvarinnar og mat á áhrifum losunar hreinsaðs frárennslis á lífríki viðtakans 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð og hver áhrif frárennslis verða á leirur sem njóta sérstakrar verndar.
- Hvernig ganga skuli frá núverandi útrásum og tjörn þegar notkun þeirra er alfarið hætt.
- Tveggja þrepa hreinsun skólps á svæðinu og uppsetningu þeirra kerfa sem þarf til að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 798/1999.
- Áform um meðhöndlun lífræns úrgangs og valkostir í endurnýtingu hans.

Virðingarfyllt



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur



Ásta Maack
sérfræðingur



Viðauki 7 Samantekt umsagna og viðbrögð við þeim

Kafli	3	Efnisatriði:	Núverandi starfsemi
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
1	Matvælastofnun	Í frummatsskýrslu sýnir mynd 3.9 frárennsli stöðvarinnar og m.v. þá mynd er ekki fiskgildra í frárennsli frá húsi nr. 6 [rannsóknastofa]. Matvælastofnun óskar eftir að fram komi nánari upplýsingar um að öll eldishús stöðvarinnar séu og verði með tvöfaldri vörn gegn slysasleppingu. Í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi kemur fram að í rekstrarleyfi fiskeldisstöðva á landi skuli kveðið á um að gildistaka þess sé háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.	Umrætt mannvirki er kerskýli og rannsóknastofa en þar er klakhængum haldið tímabundið, sem valdir hafa verið til kynbóta. Þaðan er fiskurinn síðan fluttur til slátrunar og svil hans tekin og fryst. Fiskurinn er 10 kg eða stærri og ekki mögulegt fyrir hann að fari um rör í botni eldiskera eða yfirfall frá þeim. Þetta hefur verið áréttað í kafla 3.5 um varnir gegn slysasleppingu.
2	Matvælastofnun	Í frummatsskýrslu er ranglega farið með númer reglugerðar um fiskeldi en þar er reglugerð nr. 401/2012 nefnd en hún er fallin úr gildi og nú er í gildi reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi. Einnig kemur fram í frummatsskýrslu aðkoma yfirdýralæknis fisksjúkdóma á tveimur stöðum í kafla 3.4 en líklega er átt við dýralækni fisksjúkdóma. Nokkrar staðreyndarvillur eru í tillögunnin og mælst er til þess að þær verði lagfærðar. Eldisstofn Stofnfisks var fluttur inn frá Noregi á augnhrognastigi á tímabilinu 1984-1987 (ekki 1981-1984). Í Vogavík var upprunalega hafin tilraun til hafbeitar á laxi 1982 og rak hafbeitarstöðin Vogalax hf. þar seiðaframleiðslu og hafbeitarstarfsemi á árunum 1985-1994/5 og fór þá í þrot. Árin 1994-2005 rak Sæbyli hf. eldi á sæeyra í Vogavík og síðustu árin einnig eldi á sandhverfu. Stofnfiskur yfirtók síðan stöðina undir kynbótastarfsemi á laxi sumarið 2005. Stofnfiskur hóf útflutning á laxahrognum til Chile árið 1998 (ekki árið 1995).	Texti skýrslunnar hefur verið uppfærður í samræmi við athugasemdir.
3	Umhverfisstofnun	Ekkert er fjallað um siturbeð í frummatsskýrslu og kallar Umhverfisstofnun eftir nánari umfjöllun í matsskýrslu um meðhöndlun skólps á svæðinu og uppsetningu þeirra kerfa sem þarf til að uppfylla ákvæði reglugerðar.	Búnaður til meðhöndlunar á skólpi frá starfseminni verður samkvæmt kröfum reglugerðar um fráveitur og skólp og samkvæmt henni skal viðkomandi heilbrigðisnefnd gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að skólp verði hreinsað á fullnægjandi hátt. Því er ekki talin ástæða til að fjalla nákvæmlega um útbúnað sem er undir umsjón eftirlitsins.

Kafli	4	Efnisatriði:	Umfang framleiðslu
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
4	Umhverfisstofnun	Áformað er að hefja 50 tonna seiðaframleiðslu í stöðinni og 450 tonna áframeldi á laxi. [...] Sótt er um heimild til að hafa að hámarki 400-500 tonna lífmassa í stöðinni en nákvæmt umfang er óljóst í frummatsskýrslu að mati Umhverfisstofnunar. [...] Óljóst í frummatsskýrslu hvort heildarumfangið sem sótt er um og hér er til umfjöllunar sé 400 tonna, 450 tonna eða 500 tonna hámarks lífmassi. Umhverfisstofnun telur að bæta þurfi úr þessu og að umfang skuli vera skýrt tekið fram í matsskýrslu framkvæmdar, þ.e. hámarks lífmassi í stöðinni á hverjum tíma, ársframleiðsla og upplýsinga um það hvernig starfsemin skiptist niður í lífmassa laxaseiða, klakfiska og áframeldislaxa.	Áætlunin gerir ráð fyrir 450 tonna framleiðslu, seiðaframleiðsla með talin. Á hverjum tíma getur heildarlífmassi í stöðinni mest orðið allt að 500 tonnum, sbr. mynd 4.3 í frummatsskýrslu. Lífmassi í eldinu skiptist þannig: Seiði - 50 tonn, fiskur í áframeldi - 160 tonn, fiskur í áframeldi - 160 tonn.
5	Umhverfisstofnun	Mynd 4.3 í frummatsskýrslu sýnir áformaða þróun heildarlífmassa (seiði og lax til áframeldis) yfir árið miðað við fyrirhugaða framleiðsluaukningu í 450 tonna hámarkslífmassa (núverandi eldi). Samkvæmt myndinni er áætlað að lífmassi í stöðinni fari í 453,1 tonn í desember sem yrði umfram 450 tonna lífmassa heimild. Þá má einnig benda á að í sama kafla segir: „ <i>Gera má ráð fyrir að hámarkslífmassi í eldinu geti orðið allt að 500 tonn</i> “ sem væri þá 50 tonnum umfram þá heimild sem rekstraraðili sækir um og vel umfram þau 200 tonn sem nú eru heimiluð í starfsleyfi.	Það er sjónarmið Stofnfisks að framkvæmd sem er til umfjöllunar í umhverfismati sé sú sem endanlegt starfsleyfi mun byggja á. Ekki skipti máli umfang eldisins í núverandi starfsleyfi eða starfsleyfisumsókn sem til meðferðar er hjá Umhverfisstofnun, samhliða umhverfismati framkvæmdarinnar.
Kafli	4	Efnisatriði:	Úrgangur
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
6	Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að fjalla vel um hvernig áætlað sé að meðhöndla úrgang frá stöðinni eftir stækkun. Þá er mikilvægt að fjalla um áform um meðhöndlun lífræns úrgangs, hvort áform séu um að finna leiðir til endurnýtingar í stað urðunar og þær áætlanir bornar saman við núverandi starfsemi í matsskýrslu.	Í matsskýrslu hefur verið gerður nýr kafli, 4.1.6 Meðhöndlun úrgangs. Þar kemur fram að til þessa hefur sorp frá eldisstöðinni verið sent til sorpeyðingarstöðvar þar sem það er urðað. Um þessar mundir vinnur Stofnfiskur að innleiðingu flokkunar á m.a. pappír, plasti, málmum, timbri og lífrænum úrgangi (matarafgangar), sem komið verður til endurvinnslustöðvar. Meðhöndlun á sjálfdaudum fiski og dauðum hrognum verður með sama hætti og lýst er í kafla 3.7 og úrgangurinn áfram nýttur í loðdýrafóður.

Kafli	4.1.1	Efnisatriði:	Seiðaðeldishús og vatnsvernd
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
7	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	Vegur að [seiða]stöðinni, bílastæði og stöðin sjálf eru afar nálægt núverandi vatnsbóli og líklegt að rask við framkvæmdir fari inn fyrir þau 5 metra mörk sem eru lágmarksstærð brunnsvæðis vatnsbóla skv. 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Samkvæmt reglugerðinni skal brunnsvæði vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.[...] Embættið telur þó ekki hægt að hefja framkvæmdir þær sem lýst er í skýrslunni fyrr en vatnsvernd í Vogavík hefur verið aflétt.	<p>Eins og fram kom í frummatsskýrslu er brottflutningur vatnsbóls Voga forsenda þess að hægt verði að reisa seiðastöðina miðað við þá útfærslu sem kynnt var í skýrslunni, þ.e. vegur að seiðastöðinni, bílastæði og stöðin sjálf væri við núverandi vatnsból. Nú er ljóst að verulegur dráttur getur orðið á því að Sveitarfélagið Vogar taki í notkun nýtt vatnsból og hægt verði að aflétta vatnsvernd við vatnsból Voga á lóð eldisstöðvarinnar. Því verður Stofnfiskur að leita nýrra leiða til þess að hægt verði að byggja seiðastöðina án þess að það hafi áhrif á vatnsbólið.</p> <p>Í matsskýrslu er sett fram áætlun um að reisa seiðastöðina á NA hluta athafnasvæðis fyrirtækisins og byggingaframkvæmdir hefjist áður en vatnsvernd í Vogavík verði aflétt. Einnig verði reist nýtt hús til framleiðslu á hrognum. Um er að ræða frávik frá frummatsskýrslu sem gerð er nánari skil í kafla 2.2.4. Stofnfiskur hefur metið áhrif þessa byggingarkosts á núverandi vatnsból Voga, en um það er fjallað í kafla 9.2 um grunnvatn. Einnig er fjallað um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar í kafla 5.3.</p>
8	Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	[Á fundi Stofnfisks með heilbrigðiseftirlitinu] var viðruð sú hugmynd að hin nýju mannvirki rísi á NA hluta athafnasvæðis fyrirtækisins í Vogavík. Þá væri ætlunin að geta hafið framkvæmdir áður en vatnsvernd í Vogavík verði aflétt. Embættið telur vert að fyrirtækið láti meta þann valkost m.t.t. áhrifa hans á vatnsvernd. Þó umrætt svæði sé ekki í aðrennslisstefnu að vatnsbólum þarf að meta sérstaklega hvort hætta sé á rennsli um sprungur þvert á meginstrauma. Verði niðurstaðan sú að framkvæmdir geti hafist meðan vatnsvernd er enn á þessu svæði þarf engu að síður að binda jarðvinnu og aðrar framkvæmdir ströngum skilyrðum um mengunarvarnir, líkt og nú er undantekningarlaust gert á grann- og fjarsvæðum vatnsverndar.	Í kafla 9.2 í matsskýrslu er gerð grein fyrir sérfræðiáliti um grunnvatnsstraum við vatnsbólið og mögulega mengunarhættu vegna byggingaframkvæmda við vatnsbólið. Engar sjáanlegar þversprungur eru nærri vatnsbólinu eða þar sem til stendur að reisa mannvirki. Ekki ætti því að vera hætta á að mengun berist til vatnsbólsins þvert á grunnvatnsstrauminn. Framangreindar upplýsingar voru sendar Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og leitað eftir frekari umsögn embættisins, sjá viðauka 9. Embættið mun ekki leggja gegn áformunum eins og þeim er lýst, en telur þó að framkvæmdin verði háð skilyrðum um mengunarvarnir.

Kafli	4.1.4	Efnisatriði:	Fóðurnotkun
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
9	Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun bendir á að þeir útreikningar á losun næringarefna (kg næringarefna/framleitt tonn) sem fram koma í frummatsskýrslu eru ekki í fullu samræmi við þær reikniformúlur og forsendur sem stofnunin notar til þess að meta losun við gerð losunarmarka í starfsleyfum. [...] Umhverfisstofnun kallar eftir skýrri áætlun á því í matsskýrslu hvert sé áætluð losun fosfórs og köfnunarefnis í frárennsli eftir hreinsun í stækkaðri eldisstöð, þ.e. hvert sé magn fosfórs og niturs (uppleyst og fast efni) í frárennsli frá stöðinni sem losnar í viðtakann. Umhverfisstofnun kallar eftir að reikniformúlur hlutfallsútreikninga næringarefnalosunar fylgi í matsskýrslu.	Í matsskýrslu hefur umfjöllun um losun næringarefna verið uppfærð í samræmi við aðferðarfræði Umhverfisstofnunar. Sjá kafla 4.1.3.
Kafli	4.1.5	Efnisatriði:	Frárennsli
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
10	Umhverfisstofnun	Um 70% af eldisvatninu í eldi klaklaxa og sláturlaxa er síað og endurnýtt á milli kerja með loftun sem fjarlægir koltvíoxíð úr vatninu og bætir við súrefni. Ekki kemur fram hvers konar hreinsikerfi er notað en Umhverfisstofnun telur umfjöllun um hreinsun eldisvatns í klak- og áfarmeldi eiga að vera ítarlegri og skýrari í matsskýrslu framkvæmdar. Þar er mestur lífmassi stöðvarinnar og þaðan kemur megnið af losun næringarefna. [...] Ítarlegri umfjöllun [þarf] um magn og hreinsun eldisvatns í klak- og áfarmeldi stöðvarinnar.	Eins og segir í frummatsskýrslu er um 70% af vatni sem nýtt er til eldis á klaklaxi og sláturlaxi endurnýtt. Það sé gert með loftun sem fjarlægir koltvíoxíð úr vatninu og bætir við súrefni. Í matsskýrslu er áréttað að vatnið er ekki síað.
11	Umhverfisstofnun	Þó fjallað sé um endurnýtingu eldisvatns og magn vatnstöku fyrir eldið þá er ekki fjallað um hvert flæði frárennslis verður um útrásina. Umhverfisstofnun telur að skýrt þurfi að koma fram í matsskýrslu magn frárennslis frá stækkaðri eldisstöð og mat á áhrifum losunar hreinsaðs frárennslis á lífríki viðtakans 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð [...] og hver áhrif frárennslis verða á leirur sem njóta sérstakrar verndar	Endurnýting felur ekki í sér hreinsun á eldisvatni til að minnka vatnsnotkun, samanber svar nr. 10. Því munu allt að 1.372 l/sek renna um útrás til sjávar.
12	Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði um í matsskýrslu framkvæmdar hvernig ganga skuli frá núverandi útrásum og tjörn á lóðinni þegar notkun þeirra er alfarið hætt með tilkomu nýrrar útrásar. Stofnunin bendir á að góður frágangur dregur talsvert úr neikvæðum umhverfisáhrifum stöðvarinnar m.t.t. ásýndar svæðisins.	Frárennsli í tjörn verður aflagt og tengt við aðalfrárennsli þegar ný lögn verður leidd undir stórstraumsfjöru. Gert er ráð fyrir að tjörnin verði fyllt með efni úr nágrenninu í samráði við deiliskipulag og umhverfi fegrað. Þetta er áréttað í kafla 4.1.5.

Kafli	9.2	Efnisatriði:	Grunnvatn
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
13	Orkustofnun	<p>Í samantektarkafli frummatsskýrslu (bls. iii) er vikið að borholusniði úr holu SV-14 þar sem 80 m þéttur setlagabunki aðskilur eldra dyngjubasalt með jarðsjó og yngra bólstraberg og nútímahraun þar sem ferskvatnslinsan rennur um. Út frá þeirri athugun er ályktað að ólíklegt sé að aukin sjótaka á lóð Stofnfisks muni hafa áhrif á gæði neysluvatns í fyrirhuguðu vatnsbóli Sveitarfélagsins Vogar, sem staðsett verði í tæplega 2 km fjarlægð suður af lóð eldisstöðvarinnar. Orkustofnun gerir í sjálfu sér ekki athugasemdir við þá ályktun út frá streymisleiðum grunnvatns en telur að að forsendur hennar (þykkt þétt setlag) megi styrkja betur. Stofnunin bendir m.a. á að í skýrslu ÍSOR um borun og afkastamælingu holu SV-14 (viðauki 2 með matsskýrslu) kemur fram að í annarri holu (SV-9) er umrætt setlag mun þynnra. Ekki er heldur að sjá af gögnum hversu víðfeðmt þetta setlag er, 60 m djúp hola sem var boruð á umræddu fyrirhuguðu vatnsbóli (ST-01, fastnúmer 21841) nær niður í nærri fullsaltan jarðsjó við botn en þar er ekki komið niður á slíkt setlag.</p>	<p>Eins og fram kemur í frummatsskýrslu tekur við 80 m lag af þéttu sjávarseti neðan við bólstraberg sem þar er. Þetta setlag myndar þétt skil á milli vatnskerfa á svæðinu. Í nálægri holu, SV-09, er setlagið raunar mun þynnra, en ekki eru til frekari upplýsingar um útbreiðslu lagsins sem vitað er um. Lárétt og 80 m þykkt sjávarsetlag hlýtur að hafa þó nokkra útbreiðslu á svæðinu, þó eitthvað hafi sneiðst af því áður en bólstrabergið í holu SV-14 lagðist ofan á það.</p>
14	Orkustofnun	<p>Orkustofnun gerir jafnframt nokkrar athugasemdir við orðræðu og viðmið framkvæmdaraðila í umfjöllun um umhverfisáhrif grunnvatnstöku í kafla 9.2.3. Í kaflanum er áætlað írennsli til grunnvatns á ferkílómetra á vatnsverndarsvæðum Voga út frá meðalúrkomu á svæðinu og það borið saman við fyrirhugaða upptöku. Út frá þeim reikningum er áætlað að úrkoma á 9-13 km² svæði þurfi til að uppfylla vatnstöku fyrirtækisins, og það svæði síðan borið saman við heildarstærð umrædds vatnsverndarsvæðis.</p> <p>Hér ber að hafa í huga að stór hluti þess ferska grunnvatns sem rennur um vatnsverndarsvæðið er upprunninn í úrkomu sem fellur utan við sjálft vatnsverndarsvæðið (í fjallgarðinum á miðju Reykjanesskagans) og því má telja að heildarmagn grunnvatns sé mun meira en þar er tilgreint. Þá rennur allnokkur hluti grunnvatnsstreymis innan vatnsverndarsvæðisins ekki til Vogavíkur heldur til Vatnsleysuvíkur (sbr. mynd 9.4 í frummatsskýrslu). Umræða um sjálfbærni nýtingar út frá þessum forsendum er því að mati Orkustofnunar marklaus. Hér er fullyrðingu framkvæmdaraðila um umhverfisáhrif nýtingar ekki hafnað en stofnunin telur að hana þurfi að rökstyðja með ítarlegri og afmarkaðri hætti.</p>	<p>Yfirvöld hafa ekki gefið út leiðbeiningar um hvernig meta eigi sjálfbærni grunnvatnsvinnslu, eftir því sem best er vitað. Í frummatsskýrslu er gerð tilraun til að meta sjálfbærni fyrirhugaðrar vatnsvinnslu. Í umsögn sinni gefur stofnunin ekki leiðbeiningar um hvernig marktækt sjálfbærnimat verði gert.</p> <p>Úrkoma og leysing eru ráðandi þættir um magnstöðu grunnvatns, en einnig lekt berggrunnins og hve mikið vatn rúmast í grunnvatnsgeymum. Samkvæmt nýlegri skýrslu Veðurstofu Íslands fellur talsvert meiri úrkoma (írennsli) til grunnvatnshlotsins sem Vogavík tilheyrir, en sem nemur þekktri grunnvatnsvinnslu á því svæði. Nánar er um þetta fjallað í kafla 9.2.3 í matsskýrslu þar sem gerð er tilraun til þess að meta sjálfbærni grunnvatnsvinnslu Stofnfisks.</p>

15	Orkustofnun	Orkustofnun bendir enn fremur á að Sveitarfélagið Vogar, sem nú nýtir tvær holur á lóð Stofnfisks, áformar að flytja neysluvatnstöku sína suður fyrir Reykjanesbraut – líkt og frammar er rakið og tilgreint er í frummatsskýrslu – og ef af þeirri nýtingu verður mun sú vatnstaka nýta sama grunnvatnsstraum og síðar er áformað að renni í holur Stofnfisks. HS Orka, f.h. sveitarfélagsins, sótti um til Orkustofnunar nýtingarleyfi fyrir allt að 100 l/sek af grunnvatni. Það leyfi var fellt úr gildi af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála en nú er hjá Skipulagsstofnun til meðferðar fyrirspurn um matsskyldu nýtingarinnar. Miðað við upplýsingar í frummatsskýrslu nýtir sveitarfélagið nú 15-25 l/sek. Orkustofnun telur eðlilegt að framkvæmdaraðili hefði vikið betur að þeim þætti í mati á afkastagetu grunnvatnsstraumsins.	Brugðist hefur verið við þessu í kafla 9.2.1.2 um nýtt vatnsból.
16	Umhverfisstofnun	Að mati Umhverfisstofnunar er þörfin á borun nýrra neysluvatnsbrunna fyrir íbúa Voga afleiðing stækkunar fiskeldis rekstraraðila og aukinnar nýtingar á ferskvatni. [...] Áhrif kunna að verða talsvert neikvætt ef dæling á ferksvatni verður of mikið fyrir endurnýjun grunnvatnshlotsins en ef endurnýjun er næg þá veldur aukin vatnstaka óverulegum áhrifum. Afleidd áhrif framkvæmdarinnar á nærliggjandi sveitarfélag verða þau að bora þarf fyrir nýju vatnsbóli fyrir sveitarfélagið.	Það er röng ályktun að afleidd áhrif framkvæmdarinnar verði þau að gera þarf nýtt vatnsból fyrir Sveitarfélagið Voga. Á sínum tíma gerðu HS Veitur samning við Stofnfisk um afnot af borholum á lóð eldisstöðvarinnar til neysluvatnsvinnslu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Vatnsbólið var frá upphafi ætlað til bráðabrigða. Í ársbyrjun 2018 sagði Stofnfiskur upp framangreindum samningi og um þessar mundir er sveitarfélagið að undirbúa nýtt neysluvatnsból sunnan Reykjanesbrautar. Á þessari stundu er mikil óvissa um hvenær það verður tekið í notkun og hægt verður að aflétta vatnsvernd á borholum Stofnfisks. Vegna óvissunnar eru afleidd áhrif þau að Stofnfiskur þarf að breyta áformum sínum um byggingu seiðahúss sem kynnt voru í frummatsskýrslu. Gerð er grein fyrir nýrri áætlun í kafla 4.1.1 í matsskýrslunni.
Kafli	9.3	Efnisatriði:	Lífríki fjöru og á grunnsævi
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
17	Umhverfisstofnun	Í frummatsskýrslu er einngi fjallað um áhrif fóðurnýtingar á gæði grunnvatns. Þar segir: <i>Takist að bæta fóðurnýtinguna er líklegt að gæði grunnvatns á svæðinu haldist óbreytt þó meira magn næringarefna streymi frá eldinu vegna framkvæmdarinnar og áhrif á gæði grunnvatns verði því óveruleg, en gætu verið nokkuð neikvæð ef fóðurnýtingin helst áfram sú sama.</i> Umhverfisstofnun telur óskýrt hvers vegna verið er að meta áhrif á gæði grunnvatns vegna losunar næringarefna í frárennslu frá eldinu. Stofnunin telur ekki að eldið og losun næringarefna í eldisvatni ætti að hafa nein áhrif á innihald grunnvatns á svæðinu enda sé eldisvatnið losað til sjávar. Stofnunin minnir á að við hverskyns dælingu efna sem kunna að hafa áhrif á grunnvatn skuli fara eftir reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. [... Bæta þarf framsetningu] á upplýsingum um grunnvatnsvinnslu og útskýring á því hver áhrif næringarefnalosun eldisins hefur áhrif á grunnvatn og hvers vegna.	Það er réttmæt athugasemd að svo virðist sem verið sé að meta áhrif frárennslis frá eldinu á grunnvatn. Svo er þó ekki. Í töflu 9.2 í frummatsskýrslu sést að eldisvatn sem kemur frá stöðinni hefur sömu umhverfismörk fyrir næringarefni og grunnvatnið sem streymir inn í stöðina. Það bendir til þess að ekki sé marktækur munur á grunnvatni og eldisvatni sem rennur til sjávar í Vogavík, hvað styrk næringarefna varðar.

18	Umhverfisstofnun	Leirurnar liggja m.a. þar sem áætlað er að leggja nýja útrás frárennslis. Mikilvægt er að í matsskýrslu sé fjallað um það hvernig rekstraraðili muni takmarka rast á leirunum við framkvæmdina og reksturs stöðvarinnar.	Ekki er ljóst hvernig bæta megi við umfjöllun um rask á leirum í frummatsskýrslu. Stofnfiskur áréttar að utan fjörunnar, þar sem leirbotn er að finna, mun fráveitulögn hvíla á sökkum, áhrifsvæðið þeirra verður lítið að umfangi og sjólag og sjávarföll munu leiða til þess að lífríki svæðisins leiti aftur í fyrra horf að framkvæmdum loknum.
19	Umhverfisstofnun	Við mat á áhrifum valkosta A kemur fram að lífrænt álag verður meira á viðtakann við aukna framleiðslu en yfirgnæfandi meirihluti botndýralífs á svæðinu er viðkvæmt eða lítið þolið fyrir auknu lífrænu álagi. Umhverfisstofnun telur að gera megi ráð fyrir því að áhrif verða talsvert neikvæð á botndýralíf við aukna losun næringarefna en tekur jafnframt fram að aukin hreinsun eldisvatnsins ætti að koma í veg fyrir það. Án hreinsunar mun lífríki við útrásin breytast í kjölfarið og áhrifin talsvert neikvæð. Umhverfisstofnun telur að til þess ætti ekki að koma þar sem útrásin verður lögð niður fyrir stórstraumsfjöru (valkostur B) og hreinsun á eldisvatni mun sía 70-90% alls fastefnis áður en það er losað í viðtakann. Stofnunin áréttar að í matsskýrslu framkvæmdar þurfi að skýra betur frá áhrifum framkvæmdar á viðtakann m.t.t. allra mótvægisáðgerða í formi hreinsunar og nýrrar útrásar. [...] Áhrif á lífríki viðtaka í fjöru og á grunnsævi kunna að verða talsvert neikvæð vegna frárennslis en staðbundin og hægt að gera áhrif óveruleg með nægum mengunarvörnum og mótvægisáðgerðum.	<p>Samkvæmt lýsingu á vægi áhrifa, sjá töflu 8.2, lýsa talsvert neikvæð áhrif sér í því m.a. að um sé að ræða viðkvæmt svæði fyrir breytingum, áhrifin geti verið varanleg og jafnvel óafturkræf. Það er mat Stofnfisks að ekkert af þessu eigi við. Hér verða árétuð rökin fyrir niðurstöðu fyrirtækisins um umhverfisáhrifin. Eins og fram kemur í kafla 9.3.3 frummatsskýrslu varðandi núverandi eldi er</p> <ul style="list-style-type: none"> - ekki merki næringarefnamengunar, sem felst í því að eldisvatn frá stöðinni hefur sömu umhverfismörk og grunnvatn svæðisins (samanber svar 17), - ekki merki um brák né vöxt þörungna eða annarra lífvera við útfallið, sem gætu gefið til kynna ofauðgun lífrænna efna vegna affalls frá starfseminni, - ekki merki um efna- eða lífræna mengun á svæðinu, hvorki með tilliti til snefilefna í kræklingi né lífríkis í fjöru og á botni neðan fjörumarka, - 1% botndýra í Vogavík eru einkennandi tegundir mengunar samkvæmt AMBI flokkunarkerfinu. <p>Framangreindar niðurstöður benda til þess að lífríki Vogavíkur hafi orðið fyrir óverulegum neikvæðum áhrifum frá núverandi starfsemi Stofnfisks. Líklegt er að starfsleyfi fyrir aukinni framleiðslu muni setja losunarmörk við 10 kg P/framleitt tonn og samkvæmt áætlun verður losunin umtalsvert undir þeim mörkum þegar fóðurnýting hefur verið bætt, sjá töflu 4.4.</p> <p>Það er niðurstaða umhverfismatsins að lífríki Vogavíkur er ekki sérstakt miðað við aðrar fjöru Suðvestanlands og verndargildi þess ekki umfram það sem almennt gerist. Samkvæmt AMBI er lífríkið ekki undir áhrifum mengunar og veruleg breyting þarf að verða á hlutfalli mengunarþolinna botndýra svo áhrifin geti talist talsverð. Að því leiti er svæðið ekki viðkvæmt, en lífríki Vogavíkur verður vaktað. Hætti Stofnfiskur starfseminni verða áhrif hennar afturkræf. Því er það niðurstaða Stofnfisks að óbreitt fyrirkomulag fráveitunnar muni hafa mest nokkuð neikvæð áhrif, samanber töflu 8.2, þar sem áhrifin verði minni háttar með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, þau verði tímabundin og afturkræf. Ekki stendur til að hreinsa frárennslis stöðvarinnar nema vöktun leiði í ljós að svo þurfi. Athugasemd Umhverfisstofnunar leiðir ekki til breytingar á umfjöllun um áhrif á lífríki Vogavíkur.</p>

Kafli	9.5	Efnisatriði:	Fornleifar
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
20	Minjastofnun Íslands	<p>Byggingaráform á lóð Stofnfisks hafa breyst frá því sem kynnt var í frummatsskýrslu. Forsendur þess koma fram í svari nr. 7. Framkvæmdin mun því hafa önnur áhrif á fornleifar en lýst var í frummatsskýrslu. Af þeim sökum var kafli 9.5 um fornleifar uppfærður og hann sendur Minjastofnun Íslands til umsagnar.</p> <p>Frekari umsögn Minjastofnunar er birt í Viðauka 9. Þar segir: Bygging seiðaeldisstöðvarinnar mun raska hleðslum GK-123:188 og 189. Minjastofnun Íslands leggst ekki gegn því að hleðslunum verði raskað en telur að fá þurfi fornleifafræðing til að teikna hleðslurnar nákvæmlega upp. Þá þarf að kanna þann litla jarðveg sem við þær er til að athuga hvort í honum leynast vísbendingar um hlutverk þessara mannvirkja.</p>	Stofnfiskur mun láta gera þá rannsókn sem Minjastofnun leggur til.



Viðauki 8 Minnisblað ÍSOR um vatnsból Voga – mat á mengunarhættu

Stofnfiskur


Áhrif stækkunar stöðvar á ferskvatnsholur SV-5 og SV-6.

Að beiðni Jónasar Jónassonar um hvort ferskvatnsholur sem eru á landi Stofnfisks séu í hættu vegna fyrirhugaðra bygginga á lóð Stofnfisks í Vogavík eru þessar línur settar á blað. Í minnisblaði Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja frá 25. september kemur fram að Stofnfiskur skuli láta athuga áhrif nýbyggingar nærri vatnsveituholum SV-5 og SV-6, þ.e. hvort stafi mengunarhætta á framkvæmdartíma sem og á vatnsverndarsvæðinu almennt. Stofnfiskur leggur því fram þessar tvær spurningar:


Getur ÍSOR lagt mat á hvort hætta er á að..:

- 1) Borholur sem HS veitur noti raskist á framkvæmdartíma fyrir nýtt hrognahús og nýja seiðastöð?
- 2) Að hætta stafi af umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma fyrir nýtt hrognahús og nýja seiðastöð?

Til að svara þessu var farið yfir fyrirbyggjandi gögn, sem og vettvangskönnun til að skoða aðstæður við fyrirhugaðar byggingar og hvort einhver brot væru á yfirborði sem ekki sæist á loftmyndum nærri vinnsluholunum.



Mynd 1. Afstöðumynd af núverandi aðstöðu Stofnfisks og borholum á svæðinu.




Mynd 2. Fyrirhugaðar nýbyggingar (gular), hrognahús neðarlega og seiðaeldi ofarlega í horninu, sem og aðrar byggingar á svæðinu (gráar). Fjarlægð SV-05 að hrognahúsi er 40 m.

Neysluvatnsholur SV-05 og SV-06

Holurnar sem nýttar eru við vatnsöflunina heita SV-05 og SV-06 (mynd 1). Þær voru boraðar með Höggbor 3 í maí og júní 1987 með 17½" meitli í 23 m dýpi. Yfirborðsfóðring er 18½" víð og 4,6 m löng og nær lítið upp úr jörð. Holurnar eru að öðru leyti fóðraðar með 14" stálröri í 18,9 m en þar neðan við er 3 m langt 14" sigtisrör. Samkvæmt borskýrslum voru holurnar dýpkaðar niður í 30 m í apríl 1989 með jarðbornum Ými með 12½" lofthamri. Millilag er sagt vera á 25 m dýpi og jókst vatn töluvert við að skera það. Hérna virðist hafa orðið einhver ruglingur á holuheitunum því samkvæmt mælingum okkar er SV-05 ekki nema 21,3 m og hefur því sannarlega ekki verið dýpkuð eins og kemur fram í borskýrslum. Henni hefur verið ruglað saman við SV-04 sem er 29,5 m. Þessar holur hefur Stofnfiskur nýtt og var bæjarveitunni bætt inn árið 2007 og gamla vatnsveituholan fyrir bæinn var aflögð. Holurnar afkasta miklu samkvæmt afkastaprófi sem gert var og er niðurdráttur í þeim lítill miðað við vinnslu) eða um 50-60 cm miðað við 60 L/s (Sigurður G. Kristinsson og Þórólfur H. Hafstað, 2007). Leiðni vatnsins sem út úr affalli kom mældist á bilinu 391– 529 $\mu\text{s/cm}$ og var dálítill munur á milli holna. Í SV-06 mældist 422–529 $\mu\text{s/cm}$ og virðist þessi munur vera nátengdur sjávarföllum, þ.e. að selta vökvans lækkaði í útfalli en var hærri þegar flæddi að. Í holu SV-05 var leiðnin

stöðugri, 391-445 $\mu\text{s}/\text{cm}$ og ekki varð vart breytinga vegna sjávarfalla. Þessi munur getur stafað af mismunandi dýpt þeirra, SV-06 (30 m, nær 20,2 niður fyrir meðal sjávarstöðu) nær dýpra og því í meiri sambandi við sjávarföllin en SV-05 (21,3 m, nær 12,4 niður fyrir meðal sjávarstöðu). Eins og sagt var hér að ofan jókst vatnsgæfni holanna sem voru dýpkaðar á 25 m dýpi, hugsast getur að á þeim jarðlagamótum dragist inn saltara vatn á flóði. Nokkuð ákveðinn grunnvatnsstraumur rennur meðfram grágrýtinu í Vogastapa og kemur út í Vogavík. Grunnvatnsstraumurinn á upptök sín í Vogaheiði og frá svæðinu suðvestur af Snorrastaðartjörnum eins og sjá má á mynd 3. Því má ætla að megin grunnvatnsstraumurinn renni sunnan stöðvarinnar enda koma helstu fjörolindimar fram þar.

Varðandi tengsl á milli holna þá virðast þau ekki vera mikil, þannig hefur 30-60 L/s dæling lítil sem engin áhrif á svæðislegan niðurdrátt. Engin áhrif voru í SV-05 þegar SV-06 var afkastaprófuð og að sama skapi voru engin áhrif í SV-04 þegar SV-05 var afkastaprófuð. Tæpir 50 m eru á milli holnanna. Grunnvatnsstraumurinn hefur við dælingunni úr svæðinu og vel það og má fullyrða að niðurdrátturinn stafi aðallega af iðustreymi í holunum sjálfum (stundum kallað holutap), þ.e.a.s. að niðurdráttur í jarðlögum í kringum holurnar er minni heldur en í holunum sjálfum. Í mati frá 2017 þegar átti að bora nýja sjóholu sunnan við núverandi vinnsluskála var gerð athugun á hvort mengunarhætta væri frá bílastæðinu með sérstakri keyrslu á grunnvatnslíkani Verkfræðistofunnar Vatnaskila. Niðurstaðan var að mengunaráhrifin væru afar lítil enda væru ferskvatnsbólín réttum megin miðað við ferskvatnsstrauminn (sjá mynd 4). Í dag er samtals tekið um 90 L/s úr báðum holunum. Til samanburðar þá er heildar upptekt á svæðinu um 1000 L/s, þar af um 360 L/s ferskvatn (mynd 5). Þannig ætti öflugur grunnvatnsstraumur ásamt meiri dælingu neðar á svæðinu að tryggja að SV-05 og SV-06 haldist öruggar. Eina raunverulega hættan af mengun við þær er að umferð fyrir ofan þær eða nærri þeim. Framkvæmdir við hrognahús ættu að vera í allt að 40 m fjarlægð frá SV-5 þ.e. neðan við hana (mynd 2).



Mynd 3. Partur úr grunnvatnslíkani Vatnaskila og mynd af svæðinu kringum Stofnfisk þar sem reiknað var mengunarhætta frá bílastæðinu við innkeyrsluna (sjá nánar á mynd 4)




- ▲ Núverandi vinnsluholur HS Veitna
 - ▲ Núverandi vinnsluholur Stofnfisks
 - Reiknað grunnvatnsrensli
 - ▨ Reiknað mengunarsvæði (fyrirhugað bílastæði)
 - ↘ Reiknað dreifing mengunarefnis frá fyrirhuguðu bílastæði Stofnfisks (styrkur mengunarefnis er gefinn sem % af styrk í írennsli mengunarsvæðis)
-


Mynd 4. Mynd sem var gerð þegar bora átti holu sunnan núverandi vinnsluskála en þá var hætta af völdum mengunar talin óveruleg. Nýbyggingar sem nú á að reisa eru norðaustan við rauða rammann og hinsvegar sunnan (suðsuðvestan) við hann (sjá mynd 2).

Sprungur og brot á svæðinu

Engar sjáanlegar þversprungur eru á svæðinu sem kortlagðar eru, misgengi sem ganga í gegnum Vogastapann hafa verið rakin til norðnorðaustur og var hola SV-14 staðsett við slíkt brot þótt það sjáist ekki á yfirborði (mynd 5). Á jarðfræðikorti frá Íslenskum orkurannsóknum 2016 sést hvar megin brot á Reykjaneskaganum liggja og tengjast þau flest siggengjum og opnum gjám sem eru tilkomin af sprungusveimum eldstöðvarkerfanna. eru þau mikið til virk austan Reykjanesbrautar en nánast engin eða mjög fáar vestan hennar. Engar sjáanlegar þversprungur eða minni brot eru nærri framkvæmdarsvæðinu bæði vestan og austan ferskvatnsholanna.



Mynd 5. Bútur úr jarðfræðikorti af SV-landi frá 2016 í skalanum 1:100.000 ásamt heildar upptöku ferskvatns og jarðsjós (tölur frá 2012 Þórólfur h.Hafstað og Daði Þorbjörnsson).



Mynd 6. Núverandi aðalskipulag Voga, engin vatnsvernd er á fyrirhuguðu byggingarlandi, áðeins umhverfis holurnar (brunnsvæðið) og ofan við (grannsvæði).

Niðurstaða

Miðað við hvernig grunnvatnsstraumar og vinnsla á svæðinu er, má áætla að ekki verði röskun á vatnsveituholunum á byggingartíma né af vinnslu sem verður í húsinu. Hinsvegar verður að hafa það í huga að framkvæmdirnar eru nærri vatnsverndarsvæði (mynd 6). Á framkvæmdartíma bygginga yrði að fylgja ströngum reglum um aðkomu og öll umferð vinnuvéla skoðuð sérstaklega sem og að takmarka ferðir þeirra eins og kostur er. Vatnsvernd á svæðinu í dag er rammi umhverfis holurnar (SV-06 og SV-06) merkt sem brunnsvæði (VB-1) og grannsvæðið (VG-1) ofan við holur og upp fyrir Reykjanesbraut (mynd 6).

Varðandi fyrirspurn Stofnfisk.

1. Borholur sem HS veitur noti raskist á framkvæmdartíma fyrir nýtt hrognahús og nýja seiðastöð? **Frekar ólíklegt.**
2. Að hætta stafi af umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma fyrir nýtt hrognahús og nýja seiðastöð? **Ólíklegt, þó verður að passa aðkomu vinnuvéla við hrognahús sé neðan frá (vestanmegin) og rask ofan við húsið sé lítil sem engin.** Framkvæmdir við seiðastöð, mjög ólíklegt að hætta stafi af umferð vinnuvéla.

Heimildir

Sveitarfélagið Vogar (2017). Aðalskipulag 2008–2028. Sótt 6. nóvember 2017 af: http://vogar.is/-resources/Files/194_05050-ask-thettbyli-pl_A2-10000_nov-09.pdf

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, tilvísun 202006023/5.3. Efni: Umsögn um mat á umhverfisáhrifum vegna aukinnar framleiðslu í eldisstöð Stofnfisk í Vogum.

Sigurður G. Kristinsson og Þórólfur H. Hafstað (2017). *Stóruvogar, drög að nýrri sjóholu fyrir Stofnfisk*. Íslenskar orkurannsóknir, minnisblað 3.5.2017/ÞHH-SK.

Sigurður G. Kristinsson og Þórólfur H. Hafstað (2007). *Vogar Vatnsleysuströnd. Neysluvatn. Dæling úr SV-5 og SV-6*. Íslenskar orkurannsóknir, greinagerð ÍSOR – 07184.

Þórólfur Hafstað og Daði Þorbjörnsson, 2012. Groundwater and Geothermal Utilization. Ráðstefnurit Norræna vetramótsins 2012.

Sigurður G Kristinsson



Viðauki 9 Frekari umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Minjastofnunar

Skipulags- og byggingarfulltrúi Voga
B.t. Sigurðar Valtýssonar
Löndal 2
190 Voga

Reykjanesbæ 27. október 2020

Efni: Stækkun fiskeldisstöðvar Stofnfisks í Vogavík.

Vísað er til tölvupósts, dags. 21. október sl. þar sem óskað er umsagnar embættisins um fyrirspurn frá Stofnfiski um byggingu hrognahúss, seiðaldisstöðvar og skrifstofa á athafnasvæði félagsins í Vogavík.

Þann 24. október sl. skrifaði embættið meðfylgjandi umsögn um frummatsskýrslu vegna stækkunar fiskeldisstöðvar Stofnfisks. Niðurstaða umsagnarinnar var að ekki voru gerðar athugasemdir við stækkunaráformin, en lögð áhersla á að framkvæmdir hæfust ekki fyrr en vatnsvernd í Vogavík hefði verið aflétt. Í framhaldinu óskaði Stofnfiskur þess að fá að leggja fram breytt áform um stækkun þar sem leitast væri við að lágmarka hættu á að neysluvatn spilltist, ásamt sérfræðimati á hættunni sem framkvæmdir á lóð félagsins hefðu í för með sér fyrir vatnsvernd.

Í minnisblaði ÍSOR um áhrif stækkunar stöðvar á ferskvatnsholur SV-5 og SV-6 frá 15. október sl. eru lagðar fram eftirfarandi spurningar og svör við þeim í samantekt:

- [Spurning: Hætta á að] Borholur sem HS veitur noti raskist á framkvæmdartíma fyrir nýtt hrognahús og nýja seiðastöð? Svar: Frekar ólíklegt.
- Að hætta stafi af umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma fyrir nýtt hrognahús og nýja seiðastöð? Svar: Ólíklegt, þó verður að passa aðkomu vinnuvéla við hrognahús sé neðan frá (vestanmegin) og rask ofan við húsið sé lítil sem engin. Framkvæmdir við seiðastöð, mjög ólíklegt að hætta stafi af umferð vinnuvéla.

Vatnsvernd í Vogavík.

Nærsvæði vatnsverndar nær að eystri lóðamörkum athafnasvæðis Stofnfisks í Vogavík. Um grannsvæðið gildir eftirfarandi: „*A þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.*“ Austast á athafnasvæðinu er 1118,2 m² reitur sem telst brunnsvæði vatnsbóla Sveitarfélagsins Voga. Um brunnsvæði gildir eftirfarandi: „*Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar*

sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.“ Af þessu má sjá að aðkoma að athafnasvæðinu er um grannsvæði.

Niðurstaða.

Ljóst er að staðsetning vatnsbóla Sveitarfélagsins Voga innan athafnasvæðis fiskeldisstöðvar Stofnfisks í Vogavík setur fyrirtækinu ákveðnar skorður hvað varðar umferð, umgengni og framkvæmdir á svæðinu. Fyrirtækið hefur lagt fram álitsgerð færustu sérfræðinga í grunnvatnsmálum þess efnis að lágmarka megi þá áhættu sem vatnbólunum stafar af framkvæmdum með vali á staðsetningu mannvirkja og öðrum mótvægisáðgerðum. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja mun ekki leggja gegn þeim áformum sem lýst er í erindi Skipulags- og byggingarfulltrúa og eru hér til umfjöllunar. Embættið telur þó nauðsynlegt að framkvæmdin verði háð skilyrðum um auknar mengunarvarnir sem m.a. snúa lekaskoðun vinnuvéla, svæði til olíuáfyllingar vinnuvéla með vatnsheldum dúk og frárennsli tengdu olíuskilju, auk búnaðar og verklagsreglna til að bregðast við mengunaróhöppum.

Virðingarfyllst



Magnús H. Guðjónsson



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Verkís
Sigmar A Steingrímsson
Sjávarlíffræðingur Ph.D.
Ofanleiti 2
103 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 5. nóvember 2020
MÍ202001-0042/ 6.07 / K.M.

Efni: Aukin framleiðsla í eldisstöð Stofnfisks í Vogavík.

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 30.09.2020.

Minjastofnun Íslands hefur borist tölvupóstur fulltrúa Stofnfisks frá 4. nóv. s.l. Með tölvupóstinum fylgdi kafli um fornleifar sem skrifaður hefur verið fyrir matsskýrslu. Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á þessum kafla frá því hvernig hann leit út í frummatsskýrslu. Kemur það til vegna þess að frá því að frummatsskýrsla fór í kynningu hafa orðið breytingar á kynntum byggingaframkvæmdum vegna stækkunar eldisstöðvarinnar, nú liggur fyrir ný staðsetning á seiðaeldishúsi og nú er fyrirhugað að byggja á nýtt hrognahús. Staðsetning húsanna er sýnd á loftmynd í nýrri útgáfu kaflans.

Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses frá árinu 2014, *Deiliskráning fornleifa í Vogavík, Vogum á Vatnsleysuströnd*. Í gögnum Stofnfisks kemur fram að ný staðsetning seiðaeldishússins muni hafa áhrif á þrjár hleðslur (GK-123:187, 188 og 189) og að fyrirhugað hrognahús hafi áhrif á þúst (GK-123:176) og hleðslu (GK-123:161B).

Seiðaeldishús.

Hleðslunum er þannig lýst í fornleifaskráningarskýrslu:

GK-123:187. Lítil hleðsla er innan lóðar Stofnfisks um 45 m norðvestan við hleðslu 188. Hleðslan er á suðausturbrún mosavaxins hraunhóls í hraunmóa. Hleðslan er um 1 m á lengd og 0,5 m á breidd. Aðeins sést eitt umfar hleðslu. Hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt en augljóst er að grjótið í henni er samanborið af manna höndum.

GK-123:188. Grjóthleðsla er innan lóðar Stofnfisks, nærri suðausturjaðri hennar, um 15 m NNV við hleðslu 189. Hleðslan er á lágum grónum hraunhól í móa. Hleðslan er V laga og er um 4x3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Í hleðslunni er einföld röð steina og aðeins sést eitt umfar. Hlutverk hleðslunnar er ekki þekkt.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

GK-123:189. Óþekktar hleðslur eru innan lóðar Stofnfisks, nærri suðausturjaðri hennar, um 15 m SSA við hleðslu 188. Hleðslurnar eru á fremur lágum hraunhól sem er tiltölulega flatur að ofan og mosavaxinn. Hleðslurnar samanstanda af fjórum grjótröðum sem eru 20x5 m stóru svæði sem snýr nálega norðursuður. Í norðurenda svæðisins og á norðurenda hólsins eru hleðslur A og B. Á milli þeirra eru um 4 m og liggja þær norðursuður en beygja á móti hvorri annarri í norðurenda og hafa líklega náð saman og myndað U. Hleðsla B er um 3 m styttri en hleðsla A sem er um 6 m á lengd. Hleðslur C og D eru um 4 m SSA við hleðslur A og B. Þær eru samsíða, liggja nálega norður-suður. Á milli þeirra er um 1 m. Hvor þeirra er um 6 m á lengd og eru lítillaga sveigðar. Hleðsla C er meðfram austurbrún hólsins sem hleðslurnar eru á. Hleðsla D er vestan við hana en sést illa vegna þess hversu mosavaxin hún er. Hlutverk hleðslanna er ekki þekkt en ef til vill hafa þær afmarkað fiskþurrkunarsvæði á hólnum.

Í gögnum Stofnfisks segir að hleðsla GK-123:187 sé í um 12 m fjarlægð frá fyrirhuguðum aðkomuvegi að nýja seiðaeldishúsinu. Verja þurfi hleðsluna á meðan á framkvæmdum stendur. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi hleðsluna t.d. með veifu eða með því að girða hana af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Bygging seiðaeldisstöðvarinnar mun raska hleðslum GK-123:188 og 189. Minjastofnun Íslands leggst ekki gegn því að hleðslunum verði raskað en telur að fá þurfi fornleifafræðing til að teikna hleðslurnar nákvæmlega upp. Þá þarf að kanna þann litla jarðveg sem við þær er til að athuga hvort í honum leynast vísbendingar um hlutverk þessara mannvirkja.

Hrognahús.

Dúst (**GK-123:176**) er þannig lýst í skýrslu Fornleifastofnunar Íslands:

Þrjár unglegar grjóthrúgur eru í röð vestan við grunna rás fast suðaustan við nýlega skemmu á lóð Stofnfisks og um 12 m norðaustan við hleðslu 161. Hrúgurnar eru í ógrónum hraunmóa sem hefur mikið verið raskað vegna byggingaframkvæmda. Grjóthrúgurnar liggja í beinni röð frá norðri til suðurs og eru 26 m á milli syðstu hrúgunnar og þeirrar nyrstu. Grjóthrúgurnar eru 0,6-0,8 m í þvermál og 0,3-0,5 m á hæð. Allt bendir til þess að mannvirkin séu mjög ung og í tengslum við framkvæmdir á lóðinni.

Í fornleifaskráningarskýrslunni er hleðslu (**GK-123:161**) þannig lýst:

Þrjár litlar hleðslur eru uppi á ilöngum hraunhól innan lóðar Stofnfisks, um 30 m suðaustan við nýlega skemmu og um 80 m suðaustan við hleðslu 177. Hleðslurnar eru í hraunmóa sem er að hluta gróinn en hefur orðið fyrir miklu raski vegna byggingaframkvæmda. Minjarnar eru á svæði sem er um 13x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Suðvestast á svæðinu er hleðsla A sem er á brún hraunhellu á hólnum. Hleðslan er um 2 m á lengd og 0,3 m á breidd, snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist vera einhlaðin en lítillaga hefur hrunið úr henni til norðvesturs. Einnig eru tveir stakir steinar fast norðan við hana sem kunna að hafa tilheyrt henni. Mest sjást tvö umföer í hleðslunni og er hún hæst um 0,5 m. Um 7 m norðaustan við hleðslu A er hleðsla B. Það er einföld röð stórra steina sem er um 1,5 m á lengd og 0,3 m á breidd, snýr norðaustur-suðvestur. Í hleðslunni eru mest tvö umföer og hæst

er hún 0,4 m. Einn stakur steinn er fast norðaustan við hleðsluna á hólendanum. Mjög óljós hleðsla C er á milli A og B og stendur hún litlu hærra en hinar hleðslurnar. Hún er L laga og er um 2x2,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Hún er mosagróin en virðist vera einföld röð grjóts og sést aðeins eitt umfar. Laust grjót sem kann að vera hrun er suðvestan við suðvesturhorn hleðslunnar. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt.

Þústin (GK-123:176) eru talin ung eða frá því eftir 1950. Til fornleifa teljast mannvirki sem orðin eru eldir en 100 ára skv. lögum um menningarminjar. Þústin fellur því ekki undir skilgreiningu laganna um fornleifar.

Í gögnum Stofnfisks segir að hleðsla GK-123:161 sé í um 16 m fjarlægð frá hrognahúsinu. Verja þurfi hleðsluna á meðan á framkvæmdum stendur. Minjastofnun Íslands telur að merkja þurfi hleðsluna t.d. með veifu eða með því að girða hana af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við breytingar á byggingaframkvæmdum vegna stækkunar eldisstöðvar Stofnfisks í Vogavík sem orðið hafa frá því þær voru kynntar í frummatsskýrslu. Stofnuninni hefur verið gerð grein fyrir breytingunum í nýjum kafla um fornleifar sem fyrirtækið hefur sent stofnuninni. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.* Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Sigmar A Steingrímsson (sias@verkis.is)

Jónas Jónasson (jonas.jonasson@bmkgenetics.com)